

Heimgreiðslur í Ásahreppi reglur

Greiðslurnar eru fyrir börn á aldrinum 9 - 18 mánaða sem eru ekki á leikskóla hvort heldur sem er vegna þess að ekki er pláss eða að foreldrar velja að hafa börnin heima fyrst í stað. Þeir sem eiga af einhverjum ástæðum ekki rétt á fæðingarorlofi í níu mánuði geta sótt um að fá greiðslu frá 6 mánaða aldri barnsins. Heimgreiðsla er bundin því að barn sé með lögheimili og aðsetur í Ásahreppi. Við flutning á lögheimili barnsins úr sveitarfélaginu falla heimgreiðslur niður frá og með sama degi.

Heimgreiðsla fellur niður þegar barn hefur leikskólagöngu. Hámarksupphæð heimgreiðslu er kr. 30.000 á mánuði fyrir hvert barn. Umsókn þarf að berast fyrir 20. dag mánaðar, mánuði áður en greiðslur eiga að hefjast. Greiðslur hefjast í fyrsta lagi 1. dag mánaðar eftir að barnið er orðið 9 mánaða gamalt og lýkur í síðasta lagi 1. dag mánaðar eftir að barnið nær 18 mánaða aldri.

Verði um ofgreiðslu að ræða á heimgreiðslum áskilur Ásahreppur sér rétt til endurgreiðslu. Sé ofgreiðsla á grundvelli þess að umsækjandi hafið gefið upp rangar upplýsingar eða hann hafi ekki tilkynnt um breytingar á högum sínum sem hafa áhrif á rétt til heimgreiðslu er heimilt að leggja dráttarvexti á upphæð endurkröfunnar.

Reglur þessar verða endurskoðaðar eins oft og þurfa þykir.